

Reykjavík 05.06.2025

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um drög á breytingu á reglugerð um hollustuhætti, nr. 903/2024.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið birti drög að breytingu á reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024 (mál nr. S-98/2025) á samráðsgátt stjórnvalda 3. júní 2025. Drögin leggja m.a. til að sett verði inn ákvæði sem kveður á um að breyting á rekstraraðila starfsleyfis að rekstri sem heyrir undir reglugerðina krefst ekki auglýsingar. Samtök ferðapjónustunnar hafa farið yfir drögin og vilja koma með eftirfarandi athugasemdir.

Breyting til góða

Drögin gera m.a. ráð fyrir eftirfarandi breytingu á 11. gr. reglugerðarinnar.

Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Komi nýr rekstraraðili að rekstrinum skal óska eftir handhafabreytingu á því formi sem útgefandi starfsleyfis leggur til. Samþykki útgefandi starfsleyfis umsóknina skal hann breyta handhafa starfsleyfisins án auglýsingar enda sé eingöngu um að ræða breytingu á handhafa starfsleyfis og starfsleyfisskilyrði haldast óbreytt. Nýr handhafi starfsleyfis tekur yfir öll réttindi og skyldur fyrri rekstraraðila.

Samtökin fagna ofangreindri viðbót við reglugerðina og telja hana til bóta. Ákvæðið stuðlar að því að einfalda breytingu á handhafa starfsleyfis enda er ekki um að ræða neina aðra breytingu en á því hver haldi á starfsleyfinu. Auglýsing um slíka breytingu er óþörf enda óþarft að auglýsa slíkt. Það skiptir hins vegar máli að eftirlitsskyldur atvinnurekstur uppfylli öll þau lagaskilyrði sem til hans eru gerðar óháð leyfishafa. Auglýsing um starfsleyfisbreytingu skapar flækju og eykur kostnað fyrir rekstraraðila enda tefur slík auglýsing ferlið að lágmarki um fjórar vikur. Með þessari breytingu getur eftirlitsaðili einbeitt sér að öðru en óþarfa auglýsingaskyldu.

Áframhaldandi breytingar til góða

Samtökin hvetja ráðuneytið til að halda áfram að einfalda rekstrarumhverfi fyrirtækja. Sérstaklega umhverfi veitingastaða sem starfa undir óþarfafléttu flóknu lagaumhverfi. Rekstraraðilar veitingastaða þurfa að fara í gegnum of margar hindranir þegar kemur að því að opna veitinga- eða kaffihús. Rekstrarumhverfi veitingahúsa einkennist að háum rekstrarkostnaði og íþyngjandi regluumhverfi sem er dragbítur og veldur leyfisveitingaferlið þar óþarfa þyngslum.

Samtökin hafa allt frá árinu 2014 (sjá m.a. [tillögur stýrihóp ferðamálastofu um Einföldun starfsumhverfis og regluverks í Ferðapjónustu á Íslandi](#)) lagt það til að auðvelda mætti rekstrarumhverfi veitingastaða þeirra sem koma nýir inn í greinina. Þá sem nú verður einföldun helst náð með því að gera reksturinn skráningarskyldan í stað starfsleyfisskyldan skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með þeirri tillögu er ekki verið að leggja til að slegið verði af þeim kröfum sem nú þegar eru gerðar til þessarar starfsemi heldur er eingöngu verið að afnema óþarfa skrifinnsku í tengslum við stofnun þessara staða.

Að gera reksturinn skráningarskyldan yrði til þess að nógildandi fyrirkomulag um fjögurra vikna auglýsingu yrði að engu í tilfalli veitingastaða. Slík breyting, líkt og sú sem er verið að gera nú, myndi auka skilvirkni og einfalda regluumhverfi veitingastaða.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Ágúst Elvar Bjarnason

Ágúst Elvar Bjarnason, vekefnastjóri

Gunnar Valur Sveinsson

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri